

Alþingi
Erindi nr. P 143/103
komudagur 31.10.2013

31.10.2013

Varðar athugasemd við 24. mál frá velferðarnefnd Alþingis

Heilbrigðisstofnun Vesturlands gerir hér með eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir):

Í 5. grein er fjallað um aðgengi starfsmanna sem veita þjónustu við tölvu- og upplýsingakerfi í þeim tilgangi að sinna vinnslu, uppfærslu og viðhaldi kerfa, þ.e. tæknimanna.

Hvergi í lögnum eða þessum viðbótum er minnst á eftirlit eða eftirlitsskyldu með þessum aðilum líkt og ákvæði eru um heilbrigðisstarfsmenn, sbr. VII. kafla laganna, 22. gr. HVE telur eðlilegt og nauðsynlegt að ákvæði sé um slíkt eftirlit og hvernig því skuli framfylgt enda eru þessir starfsmenn (tæknifólk og þjónustuaðilar) oftast ekki starfsmenn viðkomandi heilbrigðisstofnunar.

Akranesi, 31.10.13

f.h. framkvæmdastjórnar HVE

Guðjón S. Brjánsson
forstjóri

Guðjón S. Brjánsson, forstjóri/manager
Heilbrigðisstofnun Vesturlands